Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Böðvar Bjarkan

Bjarni Benediktsson – Böðvar Bjarkan – Happadrætti Háskólans

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 18. okt. '33.

Akureyri 11. okt. 1933

Kæri vin!

Jeg sendi um daginn umsókn til framkvæmdastjóra Happdrættis Háskólans, um að mjer verði falin umboðsstörf fyrir happdrættið hjer á Akureyri. Jeg vissi þá ekki að þú ert í stjórn happdrættisins og sennilega kemur það til afskifta stjórnarinnar, hverjir verða ráðnir umboðsmenn. Þessvegna skrifa jeg til þín og bið um þinn tilstyrk í málinu, ef þú ert ekki loforðum bundinn við neinn annan.

Það gæti ef til vill þjenað til einskonar meðmæla með mjer í þessu efni, að jeg hefi um langt skeið haft áhuga fyrir stofnun happdrættis hjer á landi, vegna þess hve mikið fje fer út úr landinu í erlend „lotterí". Þessvegna vildi jeg koma því inn í Búnaðarbankalögin, að þar væru gefnar út „lotterí-obligationir", sem reyndar tókst ekki. En reyndar er það engu lakara, að Háskólinn njóti tekjanna.

Viltu hafa þetta í huga og veita mjer stuðning ef þjer þörf þykir.

Með bestu kveðju

Böðvar Bjarkan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki ástæða til svars.

Akureyri 22/10 1933

Kæri vin!

Jeg þakka þjer fyrir brjef þitt dags. 18. þ.m. og bið þig afsaka, að jeg hefi aukið þjer ómak með því að snúa mjer til þín "privat" í þessu máli. – En er nokkur ástæða til þess að binda sig við aðeins einn umboðsmann á hverjum stað? Jeg stend í þeirri meiningu, að jeg hafi mun betri aðstöðu til þess að ná kaupendum en Js. Th., vegna þess að jeg hefi stöðugt opna skrifstofu, þar sem fjöldi manns kemur hvort sem er, t.d. allir húseigendur í bænum vegna brunatrygginga og margir aðrir ~~vátrygg~~ vátryggjendur, auk minna eigin viðskiftamanna.

Jeg sendi þjer eftirrit af brjefi, sem jeg skrifa nú aftur framkvæmdastjóra Kaffibætisins og vona að það styðji mál mitt, svo framarlega sem það telur ekki einhverra hluta vegna óskynsamlegt að fara eftir tillögum mínum um tvo umboðsmenn hjer, sem jeg geri varla ráð fyrir.

Með bestu kveðjum

Böðvar Bjarkan

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur